

ERINDISBRÉF

fagteymis Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings vegna úthlutunar félagslegs leiguhúsnæðis á starfssvæðinu

Inngangur:

Með félagslegu leiguhúsnæði er átt við almennt félagslegt leiguhúsnæði og leiguíbúðir fyrir aldraða.

Almennt félagslegt leiguhúsnæði er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrðar og lágra launa. Með almennu félagslegu leiguhúsnæði er átt við hverja þá íbúð í eigu hlutaðeigandi sveitarfélags sem ekki er sérstaklega skilgreind sem leiguíbúð/þjónustuíbúð aldraðra eða húsnæði fyrir fatlað fólk. Um almennt félagslegt leiguhúsnæði er fjallað í II. kafla reglna Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði.

Með *leiguíbúð fyrir aldraða* er átt við félagslegt leiguhúsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum. Leiguíbúðir fyrir aldraða eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili, sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Um leiguíbúðir aldraðra er fjallað í IV. kafla reglna Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði.

Hlutverk:

Hlutverk fagteymis er að úthluta almennu félagslegu leiguhúsnæði og leiguíbúðum fyrir aldraða í samræmi við reglur Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði.

Helstu verkefni:

- Leggja faglegt mat á þær umsóknir sem metnar hafa verið samkvæmt matsviðmiðum með reglum Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði
- Forgangsraða umsóknum á grunni reglnanna og matsviðmiða sem tilgreind eru í viðeigandi fylgiskjölum með reglunum
- Úthluta húsnæði í samræmi við reglurnar
- Forgangsraða og úthluta umsóknum um milliflutning í samræmi við reglurnar og matsviðmið sem tilgreind eru í viðeigandi fylgiskjölum með reglunum.
- Fagteyminu er heimilt að úthluta almennu félagslegu leiguhúsnæði og leiguíbúðum aldraðra tímabundið sem áfangahúsnæði séu aðstæður umsækjanda með þeim hætti að gera verður kröfu um að hann þiggi stuðning og þjónustu á meðan leigusamningur er í gildi, s.s. að umsækjandi eigi við verulegan vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika að etja



Fagteymið:

Fagteymið skal skipað þremur starfsmönnum og skal einn af þeim vera teymisstjóri.

Samsetning teymisins skal ætíð vera með þeim hætti að þar eigi sæti einn starfsmaður frá hverjun félagsþjónustuvæði.

Skipunartímabil:

Frá 1. september 2021 til 1. september 2023.


Starfsfyrirkomulag:

Teymistjóri ber ábyrgð á að boða til fundar vegna úthlutunar eins fljótt og auðið er þegar íbúð er laus.

Halda skal sérstaka fundargerð vegna úthlutunar húsnæðis.

Þá ber teymisstjóri ábyrgð á að skilað sé árlegri samantekt til forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustu fyrir 1.september ár hvert. Þar komi m.a. fram fjöldi úthlutana, milliflutninga og staða biðlista sundurgreint eftir sveitarfélögum og gerð húsnæðis.

Hveragerði, 26. maí 2021



Ragnheiður Hergeirsdóttir

forstöðumaður

Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls